

Ed.

338. Breytingartillögur

[144. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við b-lið 1. gr. komi tveir nýir liðir, sem orðist svo:
 - c) Til að styrkja þá aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. a-lið.
 - d) Til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi, sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist þann tíma, sem skóli starfar, vera sambærilegur við það sem veitt er á hvern einstakling skv. a-lið.
2. Við 2. gr. Í stað „a-lið 1. gr.“ komi: a-, c- og d-liðum 1. gr.